

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
21.10.20	17:00	Teams	6
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Isabel Alejandra Diaz	Sara Þöll Finnbogadóttir	21.10.20	
Fundaraðilar mættir			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			
<i>Arnaldur Starri Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku - Ingveldur Anna tók við kl. 19:14</i>			
<i>Vífill Harðarson fyrir Röskvu</i>			
<i>Hólmsfríður M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku</i>			
<b><u>Heilbrigðisvísindasvið:</u></b>			
<i>Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ingi Pétursson fyrir Vöku</i>			
<b><u>Hugvísindasvið:</u></b>			
<i>Jóna Gréta Hilmarsdóttir fyrir Röskvu fyrir Kötlun Ársælsdóttur</i>			
<i>Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu</i>			
<b><u>Menntavísindasvið:</u></b>			
<i>Magdalena Katrín Sveindóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Gabríelu Sól Magnúsdóttur fyrir Röskvu</i>			
<i>Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Vöku</i>			
<b><u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u></b>			
<i>Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskva</i>			
<i>Alec Elías Sigurðarson fyrir Röskvu fyrir Ástráð Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<b><u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u></b>			
<i>Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti SHÍ</i>			
<i>Isabel Alejandra Díaz, forseti SHÍ</i>			
<i>Sara Þöll Finnbogadóttir, lánasjóðsfulltrúi SHÍ</i>			
<i>Bryndís Ólafsdóttir</i>			
<i>Emily Helga Nielsdóttir Reise, alþjóðafulltrúi SHÍ</i>			
<i>Gréta Dögg Þórisdóttir</i>			
<i>Ingvar Þóroddsson, forseti nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar SHÍ</i>			
<i>Jessý Rún Jónsdóttir, einn fulltrúi stúdenta í Háskólaráði</i>			
<i>Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir</i>			
<i>Rebekka Karlsdóttir, forseti kennslumálanefndar SHÍ</i>			

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

## Fundardagskrá

## Fundardagskrá

**Fundur Stúdentaráðs 21. október 2020 á Teams kl. 17:00**

*Agenda Student Council Meeting on October 21st 2020 on Teams at 17:00*

1. **Fundur settur** / *Meeting begins 17:00*
2. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)**  
*17:00-17:05*  
*Vote/approval on minutes from last meeting*
3. **Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:25**  
*Announcements and issues ahead*
  - a. Kennsla og námsmat á haustmisseri/ *Teaching and fall semesters assessment*
  - b. Samhæfingarhópur og atvinnuleysisbætur fyrir stúdenta
  - c. Aldarafmæli SHÍ/ SHÍ's anniversary
  - d. Geðheilbrigðishópur HÍ / *HÍ's Mental health group*
  - e. Skrásetningargjöld HÍ / *Registration fees at UI*
  - f. Fjármögnun háskólans og fjárlagafrumvarp / *University funding and government's finance bill*

- g. World Class
- h. Næstu Stúdentaráðsfundir
- i. Stjórn Stúdentaráðs

*Board of the Student Council*

4. **Fulltrúar stúdenta í háskólaráði kynna sig og háskólaráð 17:25-17:45**  
*Student representatives on the University Council introduce themselves and the Council*
5. **Niðurstöður stefnumótunarferðar: framkvæmdaáætlanir nefnda (umræður og atkvæðagreiðsla) 17:45-18:30**  
*Results from the policymaking trip: committee action plans (discussions and voting)*
  - a. Kennslumálanefnd / *Academic Affairs Committee*
  - b. Alþjóðanefnd / *International Affairs Committee*
  - c. Jafnréttisnefnd / *Equality Affairs Committee*
  - d. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd / *Innovation and Entrepreneurship Committee*
6. **Hlé 18:30-18:40**  
*Intermission*
7. **Fulltrúi stúdenta í gæðanefnd háskólaráðs (umræður og atkvæðagreiðsla) 18:40-18:50**  
*Student representative in the University's Council Quality Committee*
8. **Tillaga varðandi gangbraut yfir Sæmundargötu (umræður og atkvæðagreiðsla) 18:50-19:05**  
*Proposal regarding a crosswalk over Sæmundargata*
9. **Önnur mál 19:05 - 19:15**  
*Other issues*
10. **Fundi slitið 19:15**  
*Meeting ends*
11. **Bókfærð mál**

12. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

13. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

- a. Athugasemdir engar

- i. Kosning:

## 1. Samþykkt einróma

### 14. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:25

#### *Announcements and issues ahead*

##### a. Kennsla og námsmat á haustmisseri/ *Teaching and fall semesters assessment*

- i. 4. október sendi stjórn SHÍ erindi á rektor, forseta og róbert, í kjölfar þess að aðgerðir voru hertar á höfuðborgarsvæðinu. Við birtum erindið á samfélagsmiðla. Fengum svar 6. október þar sem okkur var sagt að HÍ næði að tryggja öryggi nemenda með því að hafa 2 metra á milli og grímuskyldu. Sögðu líka að þau gætu ekki breytt fyrirkomulaginu nema aðstæður myndu snarbreytast, sem þau töldu ekki hafa gerst með hertum aðgerðum.
- ii. Við svörum á þá leið að aðstæður hefðu bara víst breyst, smitin komin upp í metfjölda í haust, 4 smitum frá metinu í vor og ítrekuðum að það væri ekki okkar að dæma eða efast um áhyggjur stúdenta. Svárið sem við fengum var í rauninni bara styttri útgáfa af því fyrra.
- iii. Þessa vikuna var neyðarstjórnarfundur og fundur um móttöku og stuðning við nýnema. Þar kom ég áhyggjum þessum á framfæri, enda á þeim tímapunkti búin að fá fjöldan allan af póstum frá stúdentum sem sneru aðallega að prófahaldi. Stemmingin ekki frábær en HUGS hefur sýnt mikinn stuðning á öllum fundum þessu tengt.

##### 1. FVS vildi fá afrit af spurningunum

- iv. Við sendum út könnunina á föstudeginum 9. okt. Ég var búin að drafta spurningalistann og senda á kennslustjóra á öllum sviðum, þar sem við sitjum saman á fundum 1x í viku, hafði fengið feedback og vann úr því. Ég hafði þurft að bíða með þessa könnun vegna upplýsingaóreiða en svo var þetta eiginlega bara rétti tíminn til að senda hana út.
- v. Vann úr niðurstöðunum helgina 17-18. okt og núna á mánudaginn 19. okt sendi stjórn SHÍ niðurstöðurnar á rektor, forseta og róbert eldsnemma á mánudagsmorgun, sviðsráð sendu svo á sviðsstjórnir og eftir hádegi birtum við niðurstöðurnar á samfélagsmiðla.
- vi. Við erum að tala um þetta allsstaðar, á öllum þeim stöðum sem við höfum aðgang að, þvert á svið og í kennslumálanefnd háskólaráðs. Ræddi við SHA á þriðjudaginn, þá voru þau að vinna úr svipaðri könnun og eru til í að sameina krafta okkar

##### b. Samhæfingarhópur og atvinnuleysisbætur fyrir stúdenta

- i. Könnun SHÍ og LÍS / *SHÍ's and LÍS's survey*

1. Við erum enn að leita að fjármagni fyrir nýrri könnun, búin að fá nýtt tilboð frá Félasvísindastofnun sem er uppá 1.186 án vsk. Það er inná borði fulltrúaráðs LÍS að ræða næsta skref.
  2. Isabel og Jóhanna eiga fund næsta miðvikudag með samhæfingarhópnum
- c. Aldarafmæli SHÍ/ SHÍ's anniversary
- i. Afmælishátíð og afmælisþáttur á RÚV  
*Birthday celebration and birthday series on RÚV*
  - ii. Afmælið hefur verið fært til 4. desember en við þurfum að fara að íhuga rafræn hátíðarhöld, þannig að öll ávörp og kynningar fari fram í hátíðarsalnum en gestir fylgist með að heiman.
- d. Geðheilbrigðishópur HÍ / *HÍ's Mental health group*
- i. Mikið að gerast í geðheilbrigðismálum. Í lok september létu sálfræðingarnir þrír okkur vita að biðlistinn væri búinn að lengjast töluvert frá því að við funduðum, í byrjun september, og voru þær mjög áhyggjufullar yfir ástandinu. Ég óskaði eftir fundi og þar ræddum við mögulegar útfærslur en það vantaði fjármagn. Þetta verður skoðað.
  - ii. Ákveðið að tveir verktakar myndu vera ráðnir inn, einn með HAM hópmeðferð og annar með einstaklingsmeðferðir.
  - iii. Könnun: Sýna mjög slæma mynd af geðheilsu og líðan stúdenta við HÍ.
- e. Skrásetningargjöld HÍ / *Registration fees at UI*
- i. Staða mála innan HÍ sbr. fundur háskólaráðs 1. október sl. / *Status on the matter of the University's Council last meeting October 1st*
  - ii. Eins og sjá má í fundargerð háskólaráðs frá fundinum 1. október var tekið upp mál varðandi skrásetningargjaldið, þar sem nemandi óskaði eftir því að úrskurðað yrði um það hvort lagagrundvöllur væri fyrir gjaldinu. Málinu var vísað burt og fulltrúar stúdenta bókuðu á þessum fundi, sem má finna í fundargerð.
- f. Fjármögnun háskólans og fjárlagafrumvarp / *University funding and government's finance bill*
- i. Ályktun hefur verið í undirbúningi en ég óviss með næstu skref því við vitum ekki ennþá hvert endanlegt fjármagn til Háskóla Íslands verður, kemur í ljós eftir 2. umræðu. Best að bíða með þetta.
- g. World Class
- i. Forseti SHÍ uppfærir um stöðu mála  
*Update on the negotiations with World Class*

- ii. Þau lækkuðu prósentuna frá því sem við höfðum ákveðið, við höfðum samband og vildum auðvitað fá að ræða þessa breytingu sem hafði gerst einhliða, en svo var öllum líkamsræktarstöðum lokað svo þetta er í bið.

h. Næstu Stúdentaráðsfundir

*Next Student Council meetings*

- i. 18. nóvember og 16. desember en dagsetningin í desember getur verið endurskoðuð ef þess er þörf.

i. Stjórn Stúdentaráðs

*Board of the Student Council*

- i. Update frá síðasta fundi stjórnar / *Update from the previous Student Council meeting*
- ii. Búin að funda þrisvar sinnum síðan Stúdentaráð fundaði síðast vegna anna í prófahalds málum. Ræddu eftirfarandi á síðasta fundi:
  - 1. Ráðning framkvæmdastjóra
    - a. Vonandi eru viðtöl lok okt - byrjun nóv
    - b. Ferlið er svipað eins og í öðrum ráðningum innan SHÍ
  - 2. Afmælishátíð SHÍ
    - a. Henni var frestað en þurfum að hafa í huga að það gæti þurft að fresta aftur eða hafa hana rafrænt.
  - 3. Umræður um námsmat haustmíssis

15. Fulltrúar stúdenta í háskólaráði kynna sig og háskólaráð 17:25-17:45

*Student representatives on the University Council introduce themselves and the Council*

- a. Jessý Rún Jónsdóttir kynnti Háskólaráð, starfsemi þess og uppbyggingu.

Athugasemdir:

- Nokkrir fundargestir spurðu um matvæli á fundum.
  - Svar: Það er stundum matur.
- Ingibjörg Iða Auðunardóttir: Spurning hvort það væri á dagsskrá að gera sæti forseta SHÍ að föstu sæti.
  - Svar: Það er ekki á döfinni, hefur ekki verið rætt
- Ingibjörg Iða Auðunardóttir: Þyrfti sú beiðni að koma frá SHÍ?
  - Svar: Það þyrfti að vera mikill samhljómur frá stúdentum og innan Stúdentaráðs varðandi þetta. Það er ekkert því í fyrirstöðu að t.d. nemandi sendi inn beiðni fyrir eða einhver innan Stúdentaráðs leggi fram slíka tillögu og þá yrði hún rædd og tekin afstaða til hennar. En hefur ekki verið umræða um þetta.

16. Niðurstöður stefnumótunarferðar: framkvæmdaáætlanir nefnda (umræður og atkvæðagreiðsla) 17:45-18:30

*Results from the policymaking trip: committee action plans (discussions and voting)*

a. Kennslumálanefnd / *Academic Affairs Committee*

- i. Rebekka Karlsdóttir fer yfir stöðu mála.
  1. Framkvæmdaáætlunin er einungis fyrir haustönn 2020. Nefndin vill endurskoða áætlunina fyrir byrjun vorannar 2021 vegna aðstæðna.
  2. Ítreka mikilvægi þess að kennslumál og áherslur séu gerðar í samstarfi á milli allra aðila.

Athugasemdir engar.

Kosning:

- a. Samþykkt einróma.

b. Alþjóðanefnd / *International Affairs Committee*

- i. Emily Helga Nielsdóttir Reise, alþjóðafulltrúi SHÍ, fer yfir stöðu mála.
  1. Ekki miklar breytingar fyrir utan breytingar gerðar á mentorverkefninu.

Athugasemdir:

- Guðný Ljósbrá: Eruði búin að fá einhverjar athugasemdir frá skólanum varðandi breytingarnar á mentorkerfinu?
  - Svar: Skólinn er mjög ánægður með breytinguna.
- Alec Elías Sigurðarson kom með skriflega ábendingu um skammstöfun í framkvæmdaáætluninni.

Kosning:

- a. Samþykkt einróma.

c. Jafnréttisnefnd / *Equality Affairs Committee*

- i. Bryndís Ólafsdóttir, forseti jafnréttisnefndar, fer yfir stöðu mála.
  1. Mikil áhersla lögð á breytingar í takt við COVID-19.
  2. Verið að samtvinna jafnrétti og umhverfið.

Athugasemdir engar.

Kosning:

- a. Samþykkt einróma.

d. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd / *Innovation and Entrepreneurship Committee*

- i. Nefndin er ekki með framkvæmdaáætlun en forseti hennar mun segja frá starfsemi hennar í ár / *The committee does not have an action plan, but its president will report on its activities this year*
- ii. Ingvar Þóroddsson, forseti nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar, fer yfir stöðu mála.

1. Ingvar útskýrði sérstöðu nefndarinnar innan SHÍ, þá samstarfið við Icelandic Startups.
2. Lagði áherslu á samstarf á milli nefnda SHÍ, aðstöðuna í Grósku og tækifæri sem nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd gæti komið til með að aðstoða aðrar nefndir með t.d. Hakkapön.

Athugasemdir engar.

Ekki kosið þar sem þetta er ekki framkvæmdaáætlun.

17. Hlé 18:30-18:40

*Intermission*

18. Fulltrúi stúdenta í gæðanefnd háskólaráðs (umræður og atkvæðagreiðsla) 18:40-18:50

*Student representative in the University's Council Quality Committee*

- I. Það vantaði eitt fundargagn í möppuna og Isabel ber því undir ráðið að taka fyrir liðinn með þennan fyrirvara og hlaða upp skjalið sem vantaði.

Kosning:

- a. Samþykkt einróma.

Isabel leggur til að dagskrárliðnum sé lokað.

Isabel kynnti liðinn.

- a. Fulltrúi stúdenta samþykktur einróma.
- b.

19. Tillaga varðandi gangbraut yfir Sæmundargötu (umræður og atkvæðagreiðsla)

18:50-19:05

*Proposal regarding a crosswalk over Sæmundargata*

- a. Herdís Hanna Yngvadóttir mælti fyrir tillögunni.

Athugasemdir og mælendaskrá:

- Hólmfríður María Böðvarsdóttir: Er þetta eitthvað sem vantar? Er þetta ekki eitthvað sem er á döfnni hjá borginni?
  - Svar: Þetta er framhald frá tillögu frá því í fyrra. Samtalið er byrjað innan Reykjavíkurborgar og á við þarna inni. Við höfum ekki séð neitt sem gefur til kynna að þetta sé á áætlun hjá borginni.
- Isabel Alejandra Díaz: Útskýrði stuttlega ferlið frá því í fyrra.

**Lenya Rún Taha Karim yfirgefur fund kl. 19:14 og Ingveldur Anna Sigurðardóttir tekur við.**

Kosning:

einróma samþykkt



## 20. Önnur mál 19:05 - 19:15

### *Other issues*

- a. Yfirlýsing Stúdentaráðs vegna úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna (Kosið verður um að taka yfirlýsinguna til atkvæðagreiðslu.)
- b. Kosið um að bera þetta upp í kosningu: það einróma samþykkt Isabel fer yfir málin:
  - i. Fimmföldun frítekjumarksins í sumar, með samþykktum úthlutunarreglum, var þannig kynnt og útfært að fimmföldunin næði yfir einstaklinga sem ekki höfðu verið í námi sl. 6 mánuði, sem sagt fólks sem var að koma í nám af vinnumarkaðinum. Stúdentaráð gagnrýndi það þá, þar sem breytingin náði ekki til núverandi stúdenta
  - ii. Nú hefur komið í ljós að MSN hefur verið að keyra í gegn fimmföldun á frítekjumarki stúdenta sem hafa verið í námi sl. 6 mánuði en hafa ekki verið á lánum áður. Þetta hefur gerst án þess að reglurnar hafi verið breyttar og án þess að stúdentar hafi verið látnir vita. Enn nær fimmföldunin ekki til allra stúdenta, t.d. sem hafa verið í námi sl. 6 mánuði og hafa tekið lán áður.
  - iii. Eftir mikla fjölmíðlaumfjöllun um að lán stúdenta í bakvarðasveitum séu skert vegna vinnu sinnar í framlínunni gegn COVID-19 hafa verið boðaðar breytingar á úthlutunarreglunum, þannig að fimmföldunin nái til þeirra. Enn stendur hluti stúdenta þó utan úrræðisins.
  - iv. Ekki liggur fyrir að færa inn í reglurnar fimmföldun frítekjumarksins sem nær til stúdenta sem hafa verið í námi sl. 6 mánuði en hafa ekki verið áður á lánnum (breyting nr 2 sem átti sér stað). Þá liggur ekki fyrir að grunnframfærslan verði hækkuð.

### Athugasemdir og mælendaskrá:

- Isabel segir að planið sé að birta yfirlýsinguna strax í kjölfarið.
- Ingveldur spyr hver þælingin þar á bakvið sé
- Isabel segir að það væri fint að koma þessu út sem fyrst
- Guðný tekur undir og segir að daginn eftir deilum við sem víðast

### Kosning: einróma samþykkt

## 21. Fundi slitið 19:15

### *Meeting ends*

## 22. Bókfærð mál

- a. Fyrir ráðið verða lögð bókfærð mál. Samkvæmt d-lið 11. gr.:

*Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef “bókfærð mál” eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis*

*úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrúa stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.s.v.frv. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur viðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því ekki síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt.*

- a. Umhverfis- og samgöngunefnd - sjá [hér](#)